

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/6/EB

2002/EES/12/36

frá 29. janúar 2001

um þriðju aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 96/49/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/62/EB⁽²⁾, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í viðaukanum við tilskipun 96/49/EB er að finna reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum, oftast nefndar „RID-reglurnar“, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. júlí 1999.
- 2) RID-reglurnar eru endurskoðaðar á tveggja ára fresti og því verður breytt útgáfa í gildi frá 1. júlí 2001 með aðlögunartíma til 31. desember 2002 nema að því er varðar hættulegan farm í 7. flokki (geislavirk efni) en þar lýkur aðlögunartímanum 31. desember 2001.
- 3) Því er nauðsynlegt að breyta viðaukanum við tilskipun 96/49/EB.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi sem kveðið er á um í 9. gr. tilskipunar 96/49/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við tilskipun 96/49/EB komi eftirfarandi:

„VIDAUKI

Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi með járnbrautum (RID-reglurnar), sem birtar eru sem I. viðauki við viðbæti B við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF), í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. júlí 2001 þar sem orðið „aðildarríki“ komi í stað orðanna „samningsaðili“ og „ríkin eða járnbrautirnar“

ATH: Samsteyptur texti útgáfunnar frá 2001 á RID-reglunum verður birtur jafnskjótt og textinn er fánlegur á öllum opinberum tungumálum bandalagsins.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari um hættulegan farm í 7. flokki eigi síðar en 31. desember 2001 og um hættulegan farm í öðrum flokkum eigi síðar en 31. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 30, 1.2.2001, bls. 42, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 21.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 279, 1.11.2000, bls. 44.